

98.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn að Sundagörðum 6 sunnudaginn 3.mars og hófst kl. 12.00

Mætt: Guðbrandur, Aron, Auðunn, Þórunn og Gry. Alex og Inga María boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

- Stjórnin skipti með sér verkum.

Formaður Gry, varaformaður Þórunn, gjaldkeri Alex, ritari Inga María, meðstjórnendur Guðbrandur, Aron og Auðunn.

Aron er vefstjóri.

- Skipan nefnda

Dómaranefnd: Sólveig H Sigurðardóttir, Helgi Hauksson og Sturlaugur Gunnarsson

Mótanefnd: Þórunn Lilja Vilbergsdóttir, Ingimundur Björgvinsson, Ingvi Örn Friðriksson

Landsliðsnefnd: Auðunn Jónsson, Helgi Hauksson og Aron Teitsson

Laganefnd: Ása Ólafsdóttir og Sigurjón Pétursson

Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek, Auðunn Jónsson og Guðjón Hafliðason.

- Praktísk mál, prókúra, netföng osfrv

- Ráðning starfsmanns

Forgangsverkefni að ráða starfsmann á skrifstofu. Um er að ræða aðallega almenn skrifstofustörf..

- #metoo

Erla Kristín hefur tekið saman upplýsingar um leiðir í slíkum málum. Gry áframsendir á Aron sem kemur upplýsingum á aðgengilegan stað á kraft.is

- Nýju persónuverndarlögin

Þórunn talar við Helga Briem og biður hann að fara yfir þessi mál hjá sambandinu og athuga hvort úr þurfi að bæta.

- Yfirferð á reglugerðum.

Þörf er á nákvæma yfirferð á landsliðssamningum og öllum reglugerðum í ljósi reynslu og nýsamþykktu laga. **Gry** og **Þórunn** eru með málið

Þing EPF og aukþing IPF

Ása Ólafsdóttir verður fulltrúi KRAFT á þing EPF.

- Tölvuöryggi

Aron kannar málið.

- Afrekssmál - samskipti við afrekssjóð og úthlutun styrkja

Afrekssjóður óskar eftir endurskoðaðri fjárhagsáætlun miðað við úthlutun, fundi með sambandinu til að fara yfir málin og dagsetning fyrir undirritun.

Guðbrandur og **Alex** taka máli, fara yfir fjárhagsáætlun, senda inn og leggja til dagsetningu fyrir fundi.

Stjórn mun á næsta fundi fara yfir skilyrði til úthlutunar og ræða betur.

- Landsliðsmál

Fara þarf yfir tilnefningar i landslið, skráningar, samningamál og undirbúning næstu móta.

Gry og **Auðunn** fara yfir málin.

Næsti fundur ákveðinn **19.mars kl. 17.00** á skrifstofu sambandsins.

Aðalmál á dagskrá verður úthlutun styrkja 2019.

Fundi slitið 14.15

Fundarritari: Gry Ek